

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 646/1995 um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld
váttryggingafélaga, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. bætist:

Verðbréf útgefin af fjölþjóða þróunarbönkum, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðar nr. 530/2003 um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja, sem eitt eða fleiri aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru aðilar að.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum, sbr. og 3. mgr. 34. gr. sömu laga.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. september 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Póra M. Hjaltested.